

Skútustaðahreppur
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Hlíðavegi 6
660 Mývatn

Reykjavík 22. febrúar 2018
UST201712-143/K.S.J.
10.04.03

**Efni: Deiliskipulag – óskipt land Voga - Skútustaðahreppur
Deiliskipulag Grjótagjá – Vogagjá – Lúdentsborgir – Sandatún – náma í
Sandaskarði**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa er barst 19. desember sl. þar sem óskað er umsagnar um tillögu að deiliskipulagi óskipts lands Voga. Skipulagssvæðið er að öllu leyti innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár, en svæðið er innan vatnasviðs Mývatns og Laxár.

Skipulagssvæðið

Í greinargerð kemur fram að deiliskipulagssvæðið nær til óskipts lands Voga að frátöldum Jarðböðum og Bjarnarflagsvirkjun, alls 10.000 ha. Samkvæmt aðalskipulagi eru sex verndarsvæði og tveir landnotkunarreitir innan skipulagssvæðisins. Ráðgert er að byggja upp og bæta aðstöðu við Grjótaá, Vogagjá og Lúdentsborgir og bæta aðkomu að Hverfjalli og Lofthelli. Einnig er tillaga að deiliskipulagi fyrir þróunarreit í Sandatúnum og nærumhverfi þeirra og deiliskipulag efnisnámu í Sandaskarði.

Deiliskipulag óskipts lands Voga

Í greinargerð kemur fram að innan óskipts lands Voga eru þrjár samþykktar deiliskipulagsáætlanir í gildi: Baðaðstaða við Jarðbaðshóla sem er í endurskoðun, deiliskipulag Bjarnaflagsvirkjunar og Hverfjall. Umhverfisstofnun tekur undir markmið sem fram koma um náttúruvernd, öryggi og aðgengi, ferðaþjónustu og landnýtingu.

Náttúruminjar

Eins og fram kemur í greinargerð eru áætluð framkvæmdasvæði innan vatnsverndarsvæðis Mývatns og Laxár. Einnig bendir stofnunin á að áætlaðar framkvæmdir eru á svæði nútímahrauns, og gjárnar sem hluti af þeim jarðminjum njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Umhverfisstofnun bendir einnig á að í skýrslunni *Verndarsvæði í Skútustaðahreppi. Tillögur Umhverfisstofnunar vegna breytinga á lögum um vernd Mývatns og Laxár*, sem var gefin út árið 2004, kemur fram tillaga um að friðlýsa skuli Grjótagjá og að verndargildi svæðisins felist í sérstæðum jarðmyndunum og útivist. Mikilvægt er að þetta sé haft í huga við allar framkvæmdir og að forðast verði allt óþarfa rask.

Tillaga að deiliskipulagi Grjótagjár og Kvennagjár

Ofangreind tillaga nær yfir Grjótagjá og umhverfi hennar alls 4,8 ha. Ráðgerð er ný aðkoma og bílastæði fjær gjánni en nú er um 3.800 m², snyrtiaðstaða við bílastæði 120 m², búningsklefi við Kvennagjá um 50m², stígagerð og frágangur dvalarsvæðis við Karlagjá, tröppur og útsýnispallar á gjábarmi og brú yfir gjána, rotþró austan Grjótagjárvegar og núverandi aðkomuvegur fjarlægður.

Umhverfisstofnun tekur undir ákvæði um að byggingar skulu taka mið af aðstæðum og verða felldar að umhverfinu eins og kostur er.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að gætt sé að öryggismálum, sérstaklega er varðar hrun úr veggjum gjárinnar.

Umhverfisstofnun tekur undir að land mun raskast við gerð nýrra bílastæða við Grjótagjá, en tekur undir það að ágangur og álag á svæðið hlýtur að minnka með stýringu ferðamanna á svæðinu.

Deiliskipulag Vogagjá

Í greinargerð kemur fram að deiliskipulag Vogagjár nær yfir hluta Vogagjár og umhverfi hennar frá Grjótagjárvegi og rúmlega 400 m til suðurs. Svæðið er alls 1,9 ha Með breytingunni er gert ráð fyrir að takmarka aðgengi að Vogagjá með gerð brúar með hliði og stiga niður í gjána. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að framkvæmdir við hlið og stiga verði eins afturkræfar og kostur er.

Einnig er gert ráð fyrir að reisa bílastæði og 50 m² salernishúsi við Vogagjá. Fram kemur að fráveita verður leyst með safntanki.

Vatnsverndarsvæði Mývatns

Að mati Umhverfisstofnunar mun það bæta stöðu vatnsverndarsvæðis Mývatns að salerni verða byggð upp á fjölsóttum ferðamannastöðum innan þess eins og gjárnar á Vogaupplandi eru.

Almannaréttur og heimild til gjaldtöku

Í ofangreindum tillögum er fjallað um mögulega gjaldtöku fyrir nýtingu þjónustuhúsa og aðgengi að gjánum og mögulega gjaldtöku fyrir aðgengi að bílastæðum. Umhverfisstofnun bendir á að almannarétturinn nýtur lögverndar. Stofnunin telur að gjaldtaka sem einungis væri til arðs fyrir landeigendur brjóti gegn hinum lögverndaða almannarétti. Stofnunin telur þó að ákvæði 92.gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 gefi nokkra vísbendingu um hvaða sjónarmiðum beri að taka mið af, þegar gjaldtaka er ákveðin. Skilyrði ákvæðisins fyrir því að unnt sé að ákveða gjald fyrir aðgang að svæði eru þau að fyrir komi veitt þjónusta eða ef spjöll hafa orðið af völdum ferðamanna eða hætta sé á slíkum spjöllum, sem og að tekjum vegna gjaldtökkunnar sé varið til eftirlits, lagfæringar eða uppbyggingar svæðisins eða aðkomu að því. Samkvæmt þessu er litið svo á, að svo að ekki sé brotið gegn hinum lögverndaða almannarétti, geti eingöngu verið um tvenns konar gjöld að ræða; annars vegar gjald fyrir veitta þjónustu og hins vegar aðgangsgjald þar sem spjöll hafa orðið á náttúrunni af völdum ferðamanna eða hætta er á slíkum spjöllum.

Umhverfisstofnun bendir á að unnið er að gerð frumvarps um ný ákvæði náttúruverndarlaga sem taka til stýringar á ferðaþjónustunni með hliðsjón af reglum um almannarétt og á grundvelli náttúruverndar og nauðsynlegrar auðlindastýringar sem

nýting ferðapjónustunnar á náttúrunni hefur óhjákvæmilega í för með sér. Mun það væntanlega lögfesta reglur hvað framangreint varðar.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að í júní 2017 samþykkti Alþingi lög nr. 41/2017 um breytingu á umferðarlögum nr. 50/1987 sem heimilar sveitarfélögum töku bílastæðagjalds utan þéttbýlis. Samkvæmt því er sveitarfélögum nú heimilt að setja reglur um notkun stöðureita og gjaldtöku fyrir slíka notkun á landi í umráðum og innan marka sveitarfélags, þ.m.t. á þjóðlendum.

Auk bílastæða má verja gjaldinu í uppbyggingu, viðhald og rekstur þjónustu sem veitt er í tengslum við notkun þeirra, svo sem salernisaðstöðu og göngustíga. Með þessu fjölgaði möguleikum sveitarfélaga á fjármögnun verkefna á ferðamannastöðum.

Lúdentsborgir

Í greinargerð kemur fram að áætlað er að útbúa bílastæði við Lúdentsborgir sem aðgengilegt verður um núverandi vegslóða.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd.

Lofthellir og Hverfjall

Í deiliskipulagstillögu er gert ráð fyrir að bæta aðgengi að Lofthelli og Hverfjalli. Umhverfisstofnun telur tillögurnar til bóta.

Umhverfisstofnun telur ofangreindar tillögur metnaðarfullar og stefna að því að vernda umhverfið á vinsælum ferðamannasvæðum.

Sandatún

Í greinargerð kemur fram að hugmyndir eru um heilsutengda ferðapjónustu og er þar skilgreindur þróunarreitir. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir að svo stöddu enda mun deiliskipulag verða unnið fyrir svæðið.


Náma í Sandskarði

Í greinargerð kemur fram að áætlað er að vinna 143 þúsund m³ af burðarefni, fyllingaefni og steypuefni úr námunum vegna Bjarnarflagsvirkjunar. Einnig kemur fram að áætlað er að vinna 50 þúsund m³ til almennra nota. Umhverfisstofnun bendir á að skv. lögum lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 er efnistaka á landi þar sem áætlað er að raska 50.000 m² svæði eða stærra eða efnismagn er 150.000 m³ eða meira framkvæmd í flokki A skv. 1. Viðauka ofangreindra laga og eru þær framkvæmdir ávallt háðar mati á umhverfisáhrifum.

Að lokum, í töflu bls. 9 í greinargerð, yfir sérstök skipulagsákvæði við Grjótagjá segir: 364-V þjónustuaðstaða við heita laug, lágreist bygging, hámarksstærð 500 m². Þetta er ekki í samræmi við annan texta og skoðast því sem ásláttarvilla.

Virðingarfyllst


Sigrún Agúsdóttir
Sviðsstjóri


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur